

Fundargerð keppnisráðs AKÍS í rally

Fundur haldinn 6. apríl 2025 kl. 19:30 á Zoom.

Mættir: Sigurður Arnar Pálsson AIFS, Baldur Haraldsson BS, Tryggvi M Þórðarson KK og Aðalsteinn Símonarson BÍKR

Fundargerð ritaði AS

1. Formaður ráðsins

Samkvæmt grein 2.1.p í Reglugerð um keppnisráð skal kjósa formann keppnisráðs á fyrsta fundi eftir breytingu á skipan ráðsmanna. Ákveðið að AS verði áfram formaður.

2. Fundur með keppnishöldurum

Ákveðið að boða til fundar með keppnishöldurum í sérleiðarally á Zoom 29. apríl kl. 19.30 þar sem m.a verður farið yfir breytingar á reglum frá síðasta ári, rafrænan tímatökubúnað, tilnefningar á afreksfólki, skoðunarskýrslur í mótakerfi og úthlutun keppnisnúmera. AS mun boða til fundarins með aðstoð skrifstofu AKÍS.

3. Fundur með keppendum

Ákveðið að taka ákvörðun um fund með keppendum eftir fund með keppnishöldurum.

4. Erindi til Ríkislögreglustjóra varðandi 15 ára ökumenn

Svo virðist sem glufa sé að opnast hjá Ríkislögreglustjóra til að skýra heimild til að 15 ára megi aka á sérleiðum.

TMP tók að sér að taka saman helstu atriði sem málið varða og deila með ráðinu áður en skrifstofa AKÍS verður fengin til að koma sjónarmiðunum á framfæri við Ríkislögreglustjóra.

5. Önnur mál

Ekkert tekið fyrir.

Ákveðið að næsti fundur ráðsins verði mánudaginn 5. maí.

Fundi slitið kl. 20.30